Viðtakandi: Menningarráð
Sendandi: Skrifstofustjóri menningarmála

Reykjavík, 24. nóvember 2026
MIR26110038

Menningarviðburðir í Reykjavík – október og nóvember 2026

Fjölbreytt menningardagskrá setti svip á Reykjavík í október og nóvember þar sem boðið var upp á fjölbreytta dagskrá fyrir fólk á öllum aldri, allt frá sýningum, tónleikum og smiðjum til bókmenntaviðburða og hátíða. Þrjár sýningar voru opnaðar hjá Listasafni Reykjavíkur og tvær hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur.
Þá settu þrjár Borgarhátíðir einnig svip á nóvember: Iceland Airwaves var haldin 5.–7. nóvember þar sem Ráðhús Reykjavíkur var einn tónleikastaða hátíðarinnar. Reykjavík Dance Festival fór fram 11.–15. nóvember og Iceland Noir 11.–14. nóvember.

Sýningin um kjarnorkuárásirnar á Hiroshima og Nagasaki var opnuð í Tjarnarsal Ráðhússins 6. október og stóð til 1. nóvember.
Friðarsúlan í Viðey var tendruð 9. október. Daginn eftir var almenningi boðið að skoða söguhorn í Höfða, sem sett var upp í tilefni þess að 40 ár voru liðin frá leiðtogafundinum þar. Þar voru meðal annars ljósmyndir úr safnkosti Ljósmyndasafns Reykjavíkur og munir tengdir fundinum.

Haustið einkenndist einnig af alþjóðlegum hátíðum. Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF) stóð frá 24. september til 4. október og Óperudagar fóru fram 25. október til 1. nóvember. Hátíðirnar settu svip á menningarlíf borgarinnar.

Listasafn Reykjavíkur
Í október var opnuð sýningin *Lekir líkamar, sameiginlegir heimar* í Hafnarhúsi, samstarfsverkefni við Bunkier Sztuki í Kraká sem kynnti verk þrjátíu pólskra samtímalistamanna.

Á Kjarvalsstöðum var opnuð yfirlitssýningin *Hrafnkell Sigurðsson X*, þar sem ferill eins af lykillistamönnum samtímans var tekinn til skoðunar og var þetta tíunda yfirlitssýningin af þessari stærðargráðu sem safnið stendur fyrir.
Í nóvember opnaði sýningin *Listvinnzlan: Ómur* í Ásmundarsafni, þar sem verk fatlaðs listafólks voru sett í samtal við verk Ásmundar Sveinssonar með áherslu á fjölbreytni, þátttöku og aðgengi í myndlist.

Í tengslum við haustfrí grunnskóla bauð safnið upp á fjölbreytta fjölskyldu- og barnadagskrá með skapandi smiðjum og listtengdum verkefnum og voru þær vel sóttar.

Reykjavík Dance Festival var opnað með pomp og prakt í Hafnarhúsi í byrjun nóvember, auk þess sem sex stórir viðburðir á hátíðinni voru haldnir í portinu.
Mikil aðsókn var að reglulegum leiðsögnum og safnfræðslu um sýningar safnsins í Hafnarhúsi, á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni og hafa sjaldan verið fleiri

skólaheimsóknir á safnið – og það á öllum skólastigum. Sérstök áhersla er lögð á aðgengi að list með daglegum örleiðsögnum og einnig er boðið er upp á ítarlegri sunnudagsleiðsagnir í hverri viku.

Samhliða þessum viðburðum hélt safnið áfram að sinna öflugu fræðslu- og miðlunarhlutverki sínu og tók á móti fjölbreyttum hópum gesta á öllum aldri.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Í október bauð Borgarsögusafn upp á leiðsögn á pólsku um ljósmyndasýninguna *Á vettvangi* í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Í haustfríi, 22.–26. október, var fjölskyldudagskrá á nokkrum sýningarstöðum: teiknismiðja í Ljósmyndasafninu, ratleikur með litlu gulu kisunni og bátasmiðja í Aðalstræti og netasmiðja á Sjóminjasafninu og á Árbæjarsafni var kertaluktasmiðja.

Í nóvember var meðal annars boðið upp á leiðsögn á auðskilinni íslensku um Aðalstræti 10 og 16, sýningarspjall með sýningarstýrum um *Á vettvangi* og sjónlýsingu fyrir blinda og sjónskerta. Sýning Melaskóla, *Reykjavík er okkar!*, opnaði á Sjóminjasafninu 20. nóvember. Í Aðalstræti fór fram erindi í fyrirlestraröðinni *Þræðir* um birtingarmynd þjóðdansa á Íslandi 24. nóvember, og 29. nóvember var táknmálsleiðsögn um *Á vettvangi*.

Ljósmyndasýningin *Á vettvangi* stóð yfir í báðum mánuðum og sýningin *Vatn* í Ljósmyndasafninu opnaði 6. nóvember á Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Borgarbókasafnið
Gestum Borgarbókasafnsins fjölgaði í október og nóvember miðað við sama tímabil árið áður. Útlán safnkosts jukust einnig, bæði á bókasafninu og í Rafbókasafninu. Útlán úr Rafbókasafninu jukust sömuleiðis á landsvísu.
Umframopnun án þjónustu hélt áfram að aukast og dæmi voru um 200% aukningu milli ára á þeim tveimur söfnum sem bjóða hana. Unnið var að því að koma slíkri opnun á í Spöng og Kringlu, með áætlaða opnun í janúar.

Seint í október hófst verkefnið Mjúkt net, viðburðaröð um samfélagslegt miðlalæsi sem stendur fram á mitt ár 2027. Þar er fjallað um samband fólks við tækni, miðla og stafrænt líf með gagnrýninni hugsun, sköpun og lýðræðislegri þátttöku að leiðarljósi.

Á dagskránni eru meðal annars fjölskylduviðburðir, vikulegar samverustundir um persónuvernd og stafræna sjálfsmynd, vinnustofur þar sem saumaðir eru síma-svefnpokar úr Faraday-efni og umræðustofur undir heitinu *Miðlasúpa*. Verkefnið hlaut styrk úr Bókasafnasjóði.

Í október voru 177 viðburðir í söfnum Borgarbókasafnsins, meðal annars kríla- og sögustundir, bókakynningar, bókahittingar, hannyrðir og smiðjur. Vetrarfrísdagskráin var vel sótt og þar mátti meðal annars finna plötusnúðanámskeið, *Tálgað við varðeld*, spilastundir og skuggaleikhús.

Í nóvember voru 104 viðburðir, þar á meðal *Mjúkt net*, *Spjöllum með hreim*, Króatískt brúðuleikhús, hannyrðahópar, krílastundir og *Fræðakaffi* um áhrifasvæði stórvelda.

Borgarbókasafnið hélt utan um barna- og ungmennadagskrá Bókahátíðar í Hörpu 21.–22. nóvember. Um 50 barna- og ungmennabókahöfundar kynntu nýjar bækur á hátíðinni. Í nóvember hófust einnig bókakynningar og upplestrar í söfnunum í tilefni af nýjum bókum.

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO
Bókmenntaborgin var með fjölbreytta dagskrá í Mengi og á öðrum stöðum. Meðal viðburða í október voru sýning Max Porter, *All of This Unreal Time*, í Tjarnarbíói 3. október, með lifandi spuna Skúla Sverrissonar og Magnúsar Jóhanns Ragnarssonar. Viðburðurinn var hluti af röðinni *Kvöldstund með skáldi* og var uppselt á viðburðinn.

Ritlistarsmiðjurnar *Ritrými í Reykjavík / Reykjavík in Writing* fóru fram í Mengi 7. og 21. október undir leiðsögn Ewu Marcinek. Ós Pressan hélt einnig viðburði í Mengi sömu daga.

Þann 14. október fór Reykjavík Poetics #26 fram með Ocean Vuong sem sérstökum gesti; meðal þátttakenda var Anne Carson, sem hafði nýlega hlotið Nóbelsverðlaunin í bókmenntum.

Aðrir októberviðburðir voru *Grímur* með Elísi Öldu Guðnasyni 19. og 27. október, fyrsta samkoma mánaðarlega smásagnaklúbbsins 26. október. Söguhringur í Mengi fór fram 28. október og saman dag fóru Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar fram í Höfða en Ragnheiður Harpa Leifsdóttir hlaut verðlaunin í ár fyrir ljóðabókina *Deig*.

Ritlistarsmiðjur *Ritrýmis í Reykjavík / Reykjavík in Writing* fóru fram í Mengi 4. og 18. nóvember. Þar voru einnig ljóðaviðburðurinn *Talaðu við mig um vonina* 11. nóvember, *Bók Club* 17. nóvember, *RVK Sögur / RVK Stories* 18. nóvember og smásagnaklúbbur 23. nóvember ásamt *Heimshryggir / Worldbuilding* var 24. nóvember.

Myrkravald / Exil(s) islandais, sérstakur viðburður Bókmenntaborga Reykjavíkur og Lyonar fór fram 25. nóvember í Mengi. Hann byggði á samstarfi rithöfundanna Evu Bjargar Ægisdóttur og Jérôme Loubry, sem skrifuðu saman glæpasöguna *Myrka vald* (*Exil(s) islandais*). Sagan gerist í Reykjavík og Lyon. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við Sendiráð Frakklands á Íslandi, Reykjavíkurborg, Bókmenntaborg UNESCO í Reykjavík, Quais du Polar, Bjart og Alliance française í Reykjavík.

Tónlistarborgin Reykjavík
Tónlistarborgin tók þátt í nokkrum tónlistarviðburðum í október. Hinn 3. október var *All of This Unreal Time* með Max Porter sett upp í Tjarnarbíói í samstarfi við Bókmenntaborgina.

Mackenzie Leighton og RAKEL komu fram í Listasafni Reykjavíkur 15. október í tengslum við listamannadvöl Leightons í Reykjavík og Hafnarhaus. Þær komu

síðar fram á *Elskum plötubúðir* og Iceland Airwaves. Tónleikaröðin *Upprásin* var haldin í Kaldalóni í Hörpu 27. október með Arfa, KHAIRKAN og Stráknum Fáknum.

Frá 2. til 6. nóvember stóð Tónlistarborgin, í samstarfi við Tónlistarmiðstöð, fyrir Bransaveislu, viðburðaröð sem tengdi íslenskan tónlistariðnað við erlenda fagaðila sem komu til landsins vegna Iceland Airwaves. Á dagskránni voru meðal annars vinnustofa um tónlistarskrif, umræður um næturhagkerfið og sjálfbærni í menningargeiranum, tengslamyndunarfundir og sýningar á tónlistarmyndum frá Norður-Atlantshafi.

Hinn 3. nóvember voru kynntar niðurstöður rannsóknarinnar *Enginn byrjar í Hörpu* um lifandi tónlist, tónleikastaði og menningarlega innviði í miðborg Reykjavíkur.

Hátíðin *Elskum plötubúðir* fór fram 4. nóvember í sex plötubúðum með tónlistaratriðum meðal annars frá Lúpínu, Tatjönu, Bjarna Daníel, Yang Soup, Mackenzie Leighton og RAKEL.

Ráðstefna Iceland Airwaves var haldin 4.–5. nóvember og opnunarhátíð hátíðarinnar fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur 5. nóvember. Í *Upprásinni* 17. nóvember komu fram Spouses, Brenninetla og ÞESAL.

Virðingarfyllst,
Arnfríður S Valdimarsdóttir
Menningarborgin
Menningar- og íþróttasvið

Reykjavík